

Umhverfis- og Auðlindarráðuneytið  
Skuggasundi 1  
105 Reykjavík

Reykjavík, 30. apríl 2019


**Efni:** Verkefni nefndar um stofnun þjóðgarðs á miðhálandinu (S-111-209)

Á samráðsgátt Stjórnarráðsins, þann 4. apríl, var óskað er eftir umsögnum um textadrög þriðja verkefnis þverpólitískrar nefndar sem vinnur að stofnun þjóðgarðs á miðhálandi Íslands: Tillögur að helstu áherslum í stjórnunar- og verndaráætlun.

Landssamtök sauðfjárbænda (LS) taka undir það sem fram kemur í textadrögum nefndarinnar að með tilkomu þjóðgarðs á miðhálandinu þurfi að tryggja hefðbundnar nytjar, s.s. beitarnýtingu og veiði. Einnig að sambærileg réttindi séu tryggð í þjóðlendum.

Þær hugmyndir sem uppi eru um stofnun þjóðgarðs á miðhálandinu fela í sér að hluti skipulagsvalds er fært til stjórnunar- og verndaráætlana. Það skerðir verulega skipulagsvald sveitarfélaganna. LS eru þessu mótfallin og telja mikilvægt að tryggt verði að skipulagsvald haldist hjá sveitarfélögum.

Virðingarfyllt,  
f.h. Landssamtaka sauðfjárbænda



**Unnsteinn Snorri Snorrason**  
Framkvæmdastjóri